

Hluthafafundur Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. - fundargerð –

Haldinn með fjarfundarbúnaði á Teams mánudaginn 22. maí 2023 kl.15:00.

Mættir voru:

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir – stjórnarformaður Hörpu
Jón Sigurgeirsson – stjórnarmaður Hörpu
Berglind Ólafsdóttir – fjármálastjóri Hörpu
Hulda Kristín Magnúsdóttir – aðstoðarmaður forstjóra Hörpu

Fyrir hönd eigenda félagsins mættu með skriflegt umboð:

Steinunn Sigvaldadóttir f.h. fjármála – og efnahagsráðherra sem fer með eignarhlut ríkissjóðs (54%) og Þorsteinn Gunnarsson f.h. borgarstjóra sem fer með eignarhlut Reykjavíkurborgar (46%).
Var því mætt fyrir allt útgefið hlutfé í félaginu.

Þetta gerðist:

1. Fundarsetning og fundarstjórn.

Formaður stjórnar setti fundinn og lagði til að Berglind Ólafsdóttir tæki að sér fundarstjórn og að Hulda Kristín Magnúsdóttir ritaði fundargerð og var það samþykkt.

2. Könnun á lögmæti fundar.

Fundarstjóri kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun eða dagskrá fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

3. Kosning stjórnar

Fyrir fundinum lágu tillögur annars vegar um að eftirfarandi fimm aðilar yrðu kjörnir í stjórn félagsins ásamt tveimur varamönnum og hins vegar að Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir yrði kjörin formaður stjórnar.

Tillögurnar voru samþykktar og er stjórn þannig skipuð:

- Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, formaður stjórnar
- Árni Geir Pálsson
- Gunnar Sturluson
- Hrönn Greipsdóttir
- Jón Sigurgeirsson

Varamenn:

- Emilía Ottesen
- María Rut Reynisdóttir

Engin önnur mál voru á dagskrá og fundi var slitið kl. 15:05.

Berglind Ólafsdóttir, fundarstjóri

Hulda Kristín Magnúsdóttir, fundarritari